

Fundargerð 77. Héraðsþings USVH 14. mars 2018

- Klukkan 17.00**
1. Þingsetning
 2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
 3. Skýrsla stjórnar og reikningar
 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- Klukkan 17.30**
5. Ávörp gesta
 6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið
- Klukkan 18.00**
7. Nefndarstörf
- Klukkan 19:00**
- Matarhlé
- Klukkan 20:00**
8. Ályktanir nefnda
- Klukkan 21.00**
9. Kosningar
 - a) Varaformaður til tveggja ára
 - b) Gjaldkeri til tveggja ára
 - c) Ritari til tveggja ára
 - c) fyrsti varamaður til eins ára
 - d) annar varamaður til eins árs
 - e) þriðji varamaður til eins árs
 - f) tveir skoðunarmenn til eins árs
 - g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs
 10. Önnur mál
- Klukkan 21.30**
11. Þingslit

1. Þingsetning

Reimar Marteinnsson setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna, Gestir þingsins eru; Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóra ÍSÍ á Akureyri og Þórey Edda Elísdóttir stjórnarmaður ÍSÍ.

Ber upp tillögu að þingforseta, Júlíus Guðni Antonsson, samþykkt samhljóða.

2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Júlíus Guðni tekur til starfa sem þingforseti og þakkar það traust sem honum er sýnt.

Aðrir starfsmenn þingsins eru;

Ritarar; Eygló Hrund Guðmundsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,

Kjörbréfanefnd; Magnús Eðvaldsson, Sara Ólafsdóttir og Pétur Þröstur Baldursson.

3. Skýrsla stjórnar og reikningar

Reimar Marteinnsson kynnir skýrslu stjórnar. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar USVH).

Ómar Eyjólfsson kynnir reikninga sambandsins (sjá meðfylgjandi ársreikning USVH).

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga, enginn biður um orðið. Ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

5. Ávörp gesta

Þórey Edda Elísdóttir tekur næst til máls, hún er fyrsti varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Ber kveðju frá stjórn, forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn ÍSÍ. Talaði um meetoo byltinguna. Þórey benti á að á heimasíðu ÍSÍ eru upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi og hvernig bregðast skuli við í slíkum aðstæðum. Fjallaði um ólympíuleikana og paralympics sem eru í gangi núna. Fór yfir helstu verkefni ÍSÍ sem eru framundan eins og Hjólað í vinnuna. Minnti á starfsskýrsluskil og benti aðildafélögum á að vanda vel

til verka. Þórey fór yfir ýmsar gagnlegar upplýsingar sem finna má inni á heimasíðu ÍSÍ.

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ ávarpar þingið og ber kveðjur frá stjórn UMFÍ. Haukur hvatti aðildarfélögin til samvinnu. Haukur minnti á stefnu UMFÍ til að nýta við stefnumótunaráætlun USVH. Hann kynnti næsta landsmót UMFÍ sem fram fer á Sauðárkróki sumarið 2018. Unglingalandsmót UMFÍ verður svo haldið í Þorlákshöfn í sumar. Hauki benti á að hlutverk íþróttafélaga eins og USVH er að þjóna sínu nærsamfélagi og minntist í því samhengi á útgáfu Húna og þríþrautarkeppni USVH, ekki þurfi alltaf fjöldann til að halda úti starfi. Haukur minntist jafnframt á MeeToo byltinguna og mikilvægi þess að kunna að bregðast við komi upp þær aðstæður. Ungafólkið er framtíðin. UMFÍ hefur lagt áherslu á að stofna ungmennaráð og virkja þannig unga fólkið. Ræddi mikilvægi þess að vekja athygli á sjálfbodaliðastarfi í sínu umhverfi.

Óskar okkur að lokum velfarnaðar í störfum á þinginu, þakkaði fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf.

Þingforseti þakkar gestum fyrir og biður formann kjörbréfanefndar að gera grein fyrir störfum sínum. Magnús Eðvaldsson kynnir fulltrúa þingsins, seturétt á þinginu eiga 34 fulltrúar og mættir eru 30 fulltrúar og telst þingið því löglegt. Bendir á að ungmennafélagið Harpa hefur hvorki skilað kjörbréfum né eru mættir fulltrúar fyrir hönd þeirra. Frá Umf. Kormáki: Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Valdimar Gunnlaugsson, Jóhanna Erla Jóhannsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Þórdís Helga Benediksdóttir, Magnús Eðvaldsson, Þórey Edda Elísdóttir, Elsche Oda Apel, Vigdís Gunnarsdóttir, Birkir Snær Gunnlaugsson, Ómar Eyjólfsson, Eyþór Ágústsson, Hörður Gylfason. Frá Þyt; Friðrik Már Sigurðsson, Gerður Rósa Sigurðardóttir, Hallfríður s. Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Pálmi G. Ríkharðsson, Þröstur Óskarsson. Frá Umf. Gretti; Elísabet Sif Gísladóttir, Regína Þórarinsdóttir, Gunnlaugur Valdimarsson, Már Hermannsson. Frá Umf. Víði Júlíus Guðni Antonsson, Steinbjörn Tryggvasson, Ægir Jóhannesson, Þórir Óli Gunnlaugsson, Pétur Þröstur Baldursson. Frá Umf. Dagsbrún Sara Ólafsson, Hulda Einarsdóttir.

6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið,

Þingforseti nefnir að þrjár nefndir eru starfandi á þinginu en það eru íþróttanefnd, allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd- og uppstillingarnefnd. Formaður leggur fram tillögur stjórnar USVH fyrir þingið og fara þær fyrir nefndirnar.

Tillögur frá stjórn USVH

1. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ s.s.Landsmóti Umfí og landsmóti 50+ sem haldin verða saman á Sauðárkróki sem og unglingslandsmóti á Egilsstöðum á komandi sumri.
2. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilin Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.
3. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2017 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2017.
4. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþrótt og æskulýðsstarfs.
5. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.
6. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur aðildarfélög USVH til að setja sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi Kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi.
7. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. Mars leggur til að 2.grein styrktarsjóðs breytist og verði eftirfarandi
Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni.
Núverandi grein sem fellur út í staðinn:
~~*Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni á vegum sérsambanda ÍSÍ.*~~
8. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir stefnu USVH 2018-2022
9. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir að veita stjórn USVH heimild til að stefna á að USVH verði hluti af fyrirmyndarhéruðum ÍSÍ fyrir 78. Héraðsþing USVH.
10. 77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir að breyta lögum USVH samkv neðangreindu.

Lög USVH

1. grein.

Sambandið heitir Ungmennasamband Vestur-**Húnvetninga**, skammstafað USVH. Heimili þess og varnarið skal vera í Húnabíngi Vestra. Formaður og/eða framkvæmdarstjóri er málsvari sambandsins út á við í ræðu og riti.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku **ungmenna- og íþróttafélaga** og koma fram sem samnefnari þeirra út á við.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því:

- a) að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sér ráð eða aðildarfélag USVH fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins,
- b) að annast samstarf um íþróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs,
- c) að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt,
- d) að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði,
- e) að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs,
- f) að staðfesta lög aðildarfélaga,
- g) að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- h) að halda héraðsmót á hverju ári og ákveður héraðsþing nánar hvernig því skuli hagað, að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nýtsamt og þjóðlegt er, svo sem íþróttir, félagsmál og fleira.

3. grein.

Sambandssvæðið er Húnabíng vestra og eiga öll ungmennafélög og íþróttafélög í **sveitarfélaginu** (á þessu svæði) rétt á að gerast aðilar að sambandinu. Félag sem óskar inngöngu í sambandið sendi stjórn USVH skriflega beiðni um það, undirritaða af stjórn félagsins og samþykkt á félagsfundi. Beiðninni skal fylgja afrit af lögum félagsins. Innganga í sambandið fer fram á næsta héraðsþingi, enda hafi félagið þá undirgengist samþykktir og reglur sambandsins. Lög aðildarfélaga skulu vera í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ.

Stjórn sambandsins hefur heimild til að veita félagi bráðabirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Úrsögn úr sambandinu er aðeins lögleg hafi hún verið samþykkt á löglegum aðalfundi félagsins og skal það staðfest á héraðsþingi USVH. Aðili sem gengið hefur úr USVH getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum USVH.

4. grein.

Stjórnir sambandsaðila senda starfsskýrslur sínar og félagatal til USVH.

5. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn í aðalstjórn, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, en þrír eru í varastjórn. **Kjörnir eru tveir**

skoðunarmenn og einn til vara. Kjörtímabil aðalstjórnar sé tvö ár og séu formaður og meðstjórnandi kosnir annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og ritari hitt árið. Varastjórn, skoðunarmenn og fulltrúi á íþróttþing ÍSÍ séu kosnir til eins árs.

6. grein.

Skylt er öllum félögum sambandsaðila að gegna störfum sem héraðsþingið eða stjórn kýs þá til, án tillits til þess að hvort þeir sitja fundinn eða ekki.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til starfa milli funda eftir því **sem** ástæður standa til.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdarstjóra og fela honum framkvæmd ýmissa verkefna.

Starfsmenn sambandsins eru ekki skyldugir til að gegna störfum lengur en tvö ár í senn og geta verið lausir jafnlangan tíma.

7. grein

Héraðsþing skal haldið fyrir 1. maí ár hvert og til þess boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara **t.d með tölvupósti til formanna aðildarfélaga sem þeir staðfesta móttöku á eða á annan sananlegan hátt.** (Er það) **Héraðsþing er** aðeins lögmætt að 2/3 fulltrúa séu mættir. Formaður aðildarfélags er sjálfkjörinn á héraðsþing. Þar að auki skal hvert félag hafa rétt til að senda fulltrúa fyrir hverja 50 félaga eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúi er aðeins löglegur á héraðsþingi hafi aðildarfélag sent félagatal inn á félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (FELIX) fyrir 15. febrúar og skilað starfsskýrslu. Stjórn USVH sendir formönnum félaganna eyðublöð til útfyllingar fyrir kjörbréf, samkvæmt félagatali. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti á héraðsþingi.

Ársreikningar, fjárhagsáætlun og skýrsla stjórnar skal send aðildarfélögum, minnst viku fyrir héraðsþing. **Dagskrá héraðsþings skal vera sem hér segir:**

1. Þingsetning
2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
3. Skýrsla stjórnar og reikningar
4. Álit kjörbréfanefndar
5. Ávörp gesta
6. Tillögur lagðar fyrir þingið
7. Nefndastörf
8. Ályktanir nefnda
9. Kosningar
10. Önnur mál
11. Þingslit

8. grein.

Formenn og fulltrúar aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á héraðs- og aukapöngum. En aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjörbréfanefnd skal kosin í upphafi héraðsþings. Kjörbréfanefnd úrskurðar um kjörbréf fulltrúa og lögmæti þingsins.

Á Héraðsþingi skal leggja fram starfsskýrslu og endurskoða reikninga sambandsins. Reikningsárið er almanaksárið.

9. grein.

Héraðsþing getur skipað nefndir til að hafa forystu um iðkun og keppni í einstökum íþróttagreinum sem stundaðar eru á svæðinu. Nefndum þessum skal

afmarkað fjármagn. Skulu þær hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa í samvinnu við stjórn sambandsins. Á sama hátt getur héraðsþing falið einu eða fleiri aðildarfélögum sambandsins sama hlutverk.

10. grein.

Aukaþing skal halda **ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða** ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Til þess skal boðað með tíu daga fyrirvara. Um fulltrúatölu gilda sömu ákvæði og fyrir héraðsþing. Ákvarðanir aukaþings gilda aðeins fram að næsta héraðsþingi.

11. grein.

Sambandinu verður ekki slitið nema á héraðsþingi og því aðeins að 2/3 fulltrúa þingsins samþykki þá ráðstöfun. **Koma þarf fram í þingboði að slíta eigi sambandinu á þinginu.**

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfaramandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars héraðsþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambands slit. Það þing tekur ákvarðanir um hvernig eigum sambandsins skuli varið.

12. grein

Lögum þessum verður ekki breytt nema á héraðsþingi og þá því aðeins með **samþykki** a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn USVH minnst þremur vikum fyrir héraðsþing og skal stjórn USVH senda tillögur sambandsaðilum til kynningar minnst tveimur vikum fyrir þing.

Á aukaþingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabyrgðastjórn ef meiri hluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

13. grein

Lög þessi öðlast gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á héraðsþingi 13. mars 2014.

11. Fjárhagsáætlun

Þingforseti leggur fram fjárhagsáætlun USVH vegna ársins 2017 og er henni vísað til fjárhags- og uppstillingarnefndar. Tillögum númer 1, 2, 4 og 8 vísað til íþróttanefndar. Tillögum númer 3 og 7 vísað til fjárhagsnefndar. Tillögum númer 5, 6, 9 og 10 vísað til allsherjarnefndar.

7. Nefndarstörf, nefndir taka til starfa,

Tillaga um að umræðustjóri sé kosinn úr hverri nefnd fyrir sig auk ritara.

Matarhlé

8. Ályktanir nefnda

Íþróttanefnd, umræðustjóri er Valdimar Gunnlaugsson kynnir umræður íþróttanefndar en auk hennar sátu í nefndinni Hulda Einarsdóttir, Elsche Oda Apel, Vigdís Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Eyþór Ágústsson, Gerður Rósa Sigurðardóttir, Friðrik Már Sigurðsson, Hallfríður Ólafsdóttir.

Tillögur íþróttanefndar:

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ s.s.Landsmóti Umfí og landsmóti 50+ sem haldin verða saman á Sauðárkróki sem og unglíngalandsmóti í Þorlákshöfn á komandi sumri.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilin Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttar og æskulýðsstarfs.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir stefnu USVH 2018-2022.

Þingið fagnar framkominni stefnu USVH.

Samþykkt samhljóða

Allsherjar- og félagsmálanefnd; umræðustjóri er Hörður Gylfason en auk hans Sara Ólafsdóttir, Steinbjörn Tryggvason, Þórir Óli Gunnlaugsson, Gunnlaugur Valdimarsson, Regína Þórarinsdóttir, Elísabet Sif Gísladóttir.

Tillögur allsherjarnefndar;

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 hvetur USVH og aðildarfélög USVH til að setja sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræði sitt fólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Við slíka vinnu hafi þau stefnu UMFÍ og ÍSÍ til hliðsjónar.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir að veita stjórn USVH heimild til að stefna á að USVH verði hluti af fyrirmyndarhéruðum ÍSÍ fyrir 78. Héraðsþing USVH.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir að breyta lögum USVH samkv. neðangreindu.

Lög USVH

1. grein.

Sambandið heitir Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga, skammstafað USVH. Heimili þess og varnariðing skal vera í Húnavingi Vestra. Formaður og/eða framkvæmdastjóri er málsvari sambandsins út á við í ræðu og riti.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku ungmenna- og íþróttafélaga og koma fram sem samnefnari þeirra út á við. Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því:

- a) að stjórna sameiginlegum ípróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð eða aðildarfélög USVH fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins,
- b) að annast samstarf um ípróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs,
- c) að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt,
- d) að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd ípróttamóta í héraði,
- e) að hafa frumkvæði um eflingu ípróttastarfs innan héraðs,
- f) að staðfesta lög aðildarféлага,
- g) að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og ípróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
- h) að halda héraðsmót á hverju ári og ákveður héraðsþing nánar hvernig því skuli hagað, að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nýtsamt og þjóðlegt er, svo sem ípróttir, félagsmál og fleira.

3. grein.

Sambandssvæðið er Húnaþing vestra og eiga öll ungmennafélög og ípróttafélög í sveitarfélaginu rétt á að gerast aðilar að sambandinu. Félag sem óskar inngöngu í sambandið sendi stjórn USVH skriflega beiðni um það, undirritaða af stjórn félagsins og samþykkt á félagsfundi. Beiðninni skal fylgja afrit af lögum félagsins. Innganga í sambandið fer fram á næsta héraðsþingi, enda hafi félagið þá undirgengist samþykktir og reglur sambandsins. Lög aðildarféлага skulu vera í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ.

Stjórn sambandsins hefur heimild til að veita félagi bráðabirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Úrsögn úr sambandinu er aðeins lögleg hafi hún verið samþykkt á löglegum aðalfundi félagsins og skal það staðfest á héraðsþingi USVH. Aðili sem gengið hefur úr USVH getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum USVH.

4. grein.

Stjórnir sambandsaðila senda starfsskýrslur sínar og félagatal til USVH.

5. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn í aðalstjórn, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, en þrír eru í varastjórn. Kjörnir eru tveir skoðunarmenn og einn til vara. Kjörtímabil aðalstjórnar sé tvö ár og séu formaður og meðstjórnandi kosnir annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og ritari hitt árið. Varastjórn, skoðunarmenn og fulltrúi á ípróttatþing ÍSÍ séu kosnir til eins árs.

6. grein.

Skylt er öllum félögum sambandsaðila að gegna störfum sem héraðsþingið eða stjórn kys þá til, án tillits til þess að hvort þeir sitja fundinn eða ekki.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til starfa milli funda eftir því sem ástæður standa til.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og fela honum framkvæmd ýmissa verkefna.

Starfsmenn sambandsins eru ekki skyldugir til að gegna störfum lengur en tvö ár í senn og geta verið lausir jafnlangan tíma.

7. grein

Héraðsþing skal haldið fyrir 1. maí ár hvert og til þess boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara, t.d. með tölvupósti til formanna aðildarfélaga sem þeir staðfesta móttöku á eða á annan sannanlegan hátt. Héraðsþing er aðeins lögð að 2/3 fulltrúa séu mættir. Formaður aðildarfélags er sjálfkjörinn á héraðsþing. Þar að auki skal hvert félag hafa rétt til að senda fulltrúa fyrir hverja 50 féлага eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúi er aðeins löglegur á héraðsþingi hafi aðildarfélag sent félagatal inn á félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ (FELIX) fyrir 15. febrúar og skilað starfsskýrslu. Stjórn USVH sendir formönnum félaganna eyðublöð til útfyllingar fyrir kjörbréf, samkvæmt félagatali. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti á héraðsþingi.

Ársreikningar, fjárhagsáætlun og skýrsla stjórnar skal send aðildarfélögum, minnst viku fyrir héraðsþing. Á héraðsþingi skal taka fyrir skýrslu stjórnar og reikninga, álit kjörbréfanefndar, tillögður lagðar fyrir þingið, nefndarstörf, ályktanir nefnda, kosningar og önnur þau mál sem þingið leggur til.

8. grein.

Formenn og fulltrúar aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á héraðs- og aukasþingum. En aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjörbréfanefnd skal kosin í upphafi héraðsþings. Kjörbréfanefnd úrskurðar um kjörbréf fulltrúa og lögmati þingsins.

Á héraðsþingi skal leggja fram starfsskýrslu og endurskoða reikninga sambandsins. Reikningsárið er almanaksárið.

9. grein.

Héraðsþing getur skipað nefndir til að hafa forystu um iðkun og keppni í einstökum íþróttagreinum sem stundaðar eru á svæðinu. Nefndum þessum skal afmarkað fjármagn. Skulu þær hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa í samvinnu við stjórn sambandsins. Á sama hátt getur héraðsþing falið einu eða fleiri aðildarfélögum sambandsins sama hlutverk.

10. grein.

Aukasþing skal halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Til þess skal boðað með tíu daga fyrirvara. Um fulltrúatölu gilda sömu ákvæði og fyrir héraðsþing. Ákvarðanir aukasþings gilda aðeins fram að næsta héraðsþingi.

11. grein.

Sambandinu verður ekki slitið nema á héraðsþingi og því aðeins að 2/3 fulltrúa þingsins samþykki þá ráðstöfun. Koma þarf fram í þingboði að slíta eigi sambandinu á þinginu.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars héraðsþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambandslit. Það þing tekur ákvarðanir um hvernig eignum sambandsins skuli varið.

12. grein

Lögum þessum verður ekki breytt nema á héraðsþingi og þá því aðeins með samþykki a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn USVH minnst þremur vikum fyrir héraðsþing og skal stjórn USVH senda tillögur sambandsaðilum til kynningar minnst tveimur vikum fyrir þing.

Á aukabingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

13. grein

Lög þessi öðlast gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á héraðsþingi 14. mars 2018

Þingið færði Umf. Gretti með lófataki þakkir fyrir veitingar og umgjörð þingsins.

Fjárhags- og uppstillingarnefnd; umræðustjóri er Kristín Ólafsdóttir en aðrir nefndarmenn voru Birkir Snær Gunnlaugsson, Pétur Þröstur Baldursson, Sigríður Ólafsdóttir, Pálmi G. Ríkharðsson, Þröstur Óskarsson.

Tillögur fjárhags- og uppstillingarnefndar:

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2017 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2017.

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. mars 2018 samþykkir fjárhagsáætlun USVH árið 2018.

(Sjá fjárhagsáætlun í þinggögnum)

Samþykkt samhljóða

77. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Ásbyrgi 14. Mars leggur til að 2.grein styrktarsjóðs breytist og verði eftirfarandi
Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni.

Núverandi grein sem fellur út í staðinn:

~~*Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni á vegum sérsambanda ÍSÍ.*~~

Þingið leggur til að USVH birti vinnureglur styrktarsjóðs á heimasíðu sinni.

Sjá meðfylgjandi vinnureglur v. 2. greinar

- i) styrkja afreksfólk, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni á vegum sérsambanda ÍSÍ.
- ii) styrkja þjálfara aðildarfélaga til að sækja námskeið sem eflir þekkingu þeirra á þeirri íþróttagrein sem þeir þjálfar í héraðinu.
- iii) styrkja ungt og efnilegt íþróttafólk til að sækja sér aukna þekkingu og reynslu í íþróttagrein sinni utan héraðs.

Samþykkt samhljóða

9. Kosningar

- a) Formaður til tveggja ára – Reimar Marteinsson, kjörin með lófaklappi.
- b) Meðstjórnandi til tveggja ára – Þórey Edda Elísdóttir, kjörin með lófaklappi.
- c) fyrsti varamaður til eins árs – Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, kjörin með lófaklappi.
- d) annar varamaður til eins árs – Pálmi Geir Ríkharðsson, kjörin með lófaklappi.
- e) þriðji varamaður til eins árs – Þröstur Óskarsson, kjörin með lófaklappi.
- f) tveir skoðunarmenn til eins árs – Ingibjörg Jónsdóttir og Sigrún K. Þórðardóttir, kjörnar með lófaklappi.
- g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs – Elín Jóna Rósinberg, kjörin með lófaklappi.

10. Önnur mál

Formaður USVH, Reimar Marteinsson, tekur til máls og nefnir kjör á íþróttamanni ársins. Formaður biður um leyfir til þess að hefja aftur umræðu við Húnaþing vestra um að íþróttamaður ársins breytist í íþróttamann USVH og Húnaþings vestra. Þingið samþykkir að veita stjórn USVH leyfi

Reimar biður um heimild þingsins biður um heimild til að leiðrétta úthlutun til aðildafélaga aftur í tímann. Ástæðan er sú að undanfarin ár hefur ekki verið borgað tvöfalt vægi fyrir fimleika vegna þörfinni á tveimur þjálfurum. Löggin voru samþykkt á þingi 2012.

Hörður telur ekki þörf á stærri íþróttasal eða stærri velli heldur vanti fyrst og fremst aðstöðu kring um þessi mannvirki.

Viðar Sigurjónsson tekur næst til máls. Þakkar fyrir góðar umræður og þátttöku. Viðar segist alltaf læra eitthvað nýtt á hverju þingi. Viðar þakkaði þingforseta fyrir góð störf og stjórn fyrir vel unnin störf. Viðar talar um að það sé jákvætt að USVH stefni á að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Þórey Edda tekur til máls, ræðir hvort þingið sé sátt með þá aðstöðu sem fyrir er. Biður þinggesti um að taka þetta með sér heim og ræða þetta innan sinna aðildafélaga. Hugsum um samfélagið í heild en ekki einungis hag.

11. Þingslit

Þingforseti þakkar gott og starfsamt þing. Þingið hefur sett starfsreglur og stefnumörkun. Þingið samþykkti allt samhljóð og jákvætt að enginn ágreiningur sé innan USVH. Júlíus Guðni þingforseti slítur þinginu kl 20:12.